

Aðalfundur Foreldrafélags Engidalsskóla

Haldinn í matsal Engidalsskóla.

15. september 2025, kl. 17:30

Mættir voru 16 foreldrar/forráðamenn ásamt stjórnarmeðlimunum; Rósa Siemsen formaður, Bertha María Jónsdóttir og Íris Anna Randversdóttir. Fjarverandi voru Bryndís Sigríksdóttir, Helgi Þór Arason, Linda Björk Sumarliðadóttir og Bryndís Ingibjörg Jónsdóttir. Bertha ritaði fundargerð.

1. Rósa, formaður félagsins, setti formlegan aðalfund. Fundarstjóri og fundarritari kosnir (Íris Anna fundarstjóri og Bertha María fundarritari).

2. Fundarstjóri bauð fólk velkomið og kynnti dagskrá fundar.

4. Rósa greindi frá skýrslu stjórnar fyrir skólaárið 2023-2024.

5. Ársreikningar lagðir fram af Írisi Önnu í fjarveru Bryndísar gjaldkera. Fundur samþykkti ársreikninginn.

6. Árgjöld kynnt og lagt til af stjórn að halda árgjaldi óbreyttu (2500 kr. á hverja fjölskyldu, óháð fjölda barna í skólanum). Fundur samþykkti þá tillögu.

8. Kosning stjórnar, Rósa, Bryndís S, Bertha og Helgi víkja úr stjórn. Óskað eftir framboðum frá foreldrum. 3 fulltrúar foreldra buðu sig fram til viðbótar og var stjórnin samþykkt.

Anna Lís Ingólfssdóttir bauð sig fram til formanns og fundur samþykkti.

Ný stjórn skipa:

- i. Anna Lís Ingólfssdóttir
- ii. Bryndís Ingibjörg Einarsdóttir
- iii. Inga Sara Jóhannsdóttir
- iv. Íris Anna Randversdóttir
- v. Linda Björk Sumarliðadóttir
- vi. Ólöf Benediktsdóttir

9. Skýrsla frá fulltrúum skólaráðs.

10. Kosning í skólaráð. Íris Huld Christersdóttir og Hákon Steinsson sitja áfram til eins árs sem fulltrúar foreldra í skólaráði.

11. Önnur mál: nestismál og matarmál rædd sérstaklega og smá óánægja með þær skorður sem skólinn hefur sett á hvað er í boði að mæta með. Einnig voru mögulegar breytingar á skólalóðinni ræddar. Hræðsla fólks við að það væri verið að fara að höggva niður gróður. Rætt um hver sjái um hrekkjavökupartý. Foreldrar hvattir til að taka sig saman innan bekkja og fáí salinn lánaðan fyrir viðburð af því taginu.

Fundi slitið kl. 18:05.